

Bréf

Alþingi, nefndasvið Alþingi, nefndasvið Þórshamri v/Templarasund 150 REYKJAVÍK	Reykjavík, 1. desember 2015 2015010052
---	---

Efni: Umsögn - Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (samfélagsþjónusta ungra brotamanna) - 100 mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (samfélagsþjónusta ungra brotamanna), 100 mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 20. nóvember 2015, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (samfélagsþjónusta ungra brotamanna), 100 mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Líkt og fram kemur í umsögn Barnaverndarstofu til allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um fullnustu refsinga, 332. mál, dags. 24. nóvember 2015, þá telur Barnaverndarstofa það ákaflega jákvætt að börn fái að afplána óskilorðsbundna dóma með samfélagsþjónustu. Lagði Barnaverndarstofa til að sérstök áhersla yrði lögð á það í lögum til fullnustu refsinga á að börn sem hlytu óskilorðsbundna dóma fengju að afplána með samfélagsþjónustu í stað vistunar utan heimilis, jafnvel þó að dómurinn væri lengri en 12 mánuðir eða önnur skilyrði samfélagsþjónustu e.t.v. ekki uppfyllt. Ítrekar Barnaverndarstofa þessa afstöðu sína og árettar að það er bæði samfélagslega hagkvæmt og barni fyrir bestu að vista ekki barn utan heimilis þess nema bryna nauðsyn beri til og önnur úrræði komi ekki að gagni. Mikilvægt er að börn sem hljóta refsidóma fái tækifæri til þess að afplána dóminn án vistunar ef þess er nokkur kostur og er samfélagsþjónusta góð leið til þess.

Barnaverndarstofa bendir jafnframt á að mikilvægt er að sú barnaverndarnefnd þar sem barn býr sé inni í máli barnsins og fylgist með á meðan barnið sinnir samfélagsþjónustu, m.a. í þeim tilgangi að styrkja barnið og fjölskyldu svo að barnið sinni samfélagsþjónustunni með fullnægjandi hætti. Barnaverndarstofa og Fangelsismálastofnun hafa um árabíl átt í ýmsum samskiptum vegna ungra fanga. Hafa stofnanirnar átt gott samstarf í þeim efnum og Barnaverndarstofa er fullviss um að sama mun eiga við verði börn dæmd til að gegna samfélagsþjónustu.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu